

Bæjarskrifst. Garðabæjar	
Mótt.dags.	21.12.2015
Málalykill	00.48
Mál nr.	1512260



Til framkvæmdastjóra sveitarfélaga

INNANRÍKISRÁÐUNEYTIÐ

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga

Sölvhólsgrötu 7 150 Reykjavík
sími: 545 9000 bréfasími: 552 7340
postur@irr.is irr.is

Reykjavík 17. desember 2015
Tilv.: IRR15100136/21.0

Skipulagsbreytingar hjá Jöfnunarsjóði sveitarfélaga

Jöfnunarsjóður sveitarfélaga í sinni núverandi mynd tók til starfa 1. janúar 1990 í kjölfar breytingar á verkaskiptingu ríkis og sveitarfélaga. Frá þeim tíma hefur sjóðurinn annast allar greiðslur framlaga til sveitarfélaga, bókun fylgiskjala og ársuppgjör.

Þann 1. janúar nk. munu verða þær breytingar á starfsemi Jöfnunarsjóðs sveitarfélaga að framangreindir verkþættir, þ.e. greiðslur framlaga til sveitarfélaga, bókun fylgiskjala og uppgjör sjóðsins, munu alfarið flytjast til Fjársýslu ríkisins.

Þjónusta Fjársýslu ríkisins við sveitarfélögin mun verða sú sama og áður hvað varðar tilkynningar um greiðslur, þ.e. greiðslukvittanir og útsendingu hreyfingalista fjárhags þar að lútandi. Tilkynningar um greiðslur framlaga munu berast sveitarfélögum í tölvupósti daginn eftir að greiðslan hefur farið fram. Hvað hreyfingalista fjárhags varðar þá munu þeir berast ársfjórðungslega eins og verið hefur.

Með tilvilsun til þessa og til að framangreindar breytingar nái vel fram að ganga er óskað eftir því við framkvæmdastjóra sveitarfélaga að þeir sendi sjóðnum fyrir 1. janúar nk. upplýsingar um það netfang sveitarfélags sem óskað er eftir að sjóðurinn noti til að miðla upplýsingum til sveitarfélagsins varðandi greiðslur o.fl. Óskað er eftir að fleiri en einn starfsmaður sveitarfélagsins hafi aðgang að þeim upplýsingum sem þangað berast í tölvupósti þannig að tryggt verði að framangreindar upplýsingar nái til sveitarfélagsins þó einhver ákveðinn starfsmaður sveitarfélagsins sé fjarverandi.

Óskað er eftir að umbeðnar upplýsingar um netfang sveitarfélagsins berist til Elínar Gunnarsdóttur: elin.gunnarsdottir@irr.is fyrir 1. janúar nk.

Fyrir hönd ráðherra

Hermann Sæmundsson

Elín Pálsdóttir